

56
10. júlí

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 10. mars 1919.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

57
11. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

Samkvæmt lögum nr. 27, 20. júní 1923 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad), til fiskiveiða í landhelgi fyrir framan strandlengju Vatnsleysustrandarhrepps, Keflavíkurhrepps og Gerðahrepps. Nær bann þetta jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að draga þar ádráttarnætur eða fyrirdráttarnætur á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa landhelgigæslu á hendi, ber að annast um, að bannákvæðum reglugjörðar þessarar sje hlýtt. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Með reglugjörð þessari er takmarkaður rjettur sá, sem sýslunefnd Gullbringusýslu nú hefir samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiski-veiðasamþyktir og lendingasjóði, til þess að gjöra samþyktir, að svo miklu leyti sem slík samþykt gæti komið í bága við framangreint bann við notkun dragnóta.

57

11. júlí

4. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 500 til 15000 kr. og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. október 1923.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík, útgefin á venjulegan hátt, að **58**
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. ágúst 1923. Skipulagsskráin er **8. ágúst**
þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum.